

5
17.
jan.

30. Sigríði Oddsdóttur frá Dýrafjarðarþingum	60 kr.
31. Matthildi Ásgeirsdóttur frá Rafnseyri	68 —
32. Maren Nielsdóttur frá Höskuldsstöðum	58 —
33. Elísabetu Jónsdóttur frá Melstað	40 —
34. Steinunni Jónsdóttur frá Höskuldsstöðum	72 —
35. Sigurbjörgu Jónsdóttur frá Undirfelli	20 —
36. Helgu Eiríksdóttur frá Garði í Þingeyjarsýslu	20 —
37. Málfríði Jónsdóttur frá Upsum	44 —
38. Guðrúnu Sigurðardóttur frá Tjörn	20 —
39. Guðrúnu Jónasdóttur frá Höfða	28 —
40. Guðrúnu ekkju sira Gísla Brynjúlfssonar á Hólum	32 —
	2000 —

6
17.
jan.

Bréf landshöfðingja til biskups um uppbót á fátækum brauðum. — Samkvæmt tillögum biskups var fje því, sem veitt hefir verið í 13. gr. A, b, 1. fjárlaganna fyrir árin 1876 og 1877 til hinna fátækustu brauða varið þannig:

A. Þessi fjárstyrkur var lagður neðannefndum prestaköllum fyrir árið 1876:

Klyppstað í Norðurmúla prófastsdæmi (prestur: Finnur Þorsteinsson)	24 kr.
Stöð í Suðurmúla prófastsdæmi (pr.: Guttormur Guttormsson)	22 —
Sandfelli í Austur-Skaptafells prófastsdæmi (pr.: Björn Stefánsson)	46 —
Ásum í Vestur-Skaptafells prófastsdæmi (lausum)	16 —
Fljótshlíðarþingum í Rangárvalla prófastsdæmi (pr.: Hannes Stephensen)	20 —
Vogsósum í Árness prófastsdæmi (lausum)	20 —
Stað í Grindavík í Gullbringu- og Kjósar prófastsdæmi (pr.: Kristján E. Þórarinnsson)	20 —
Stað í Ségundafríði í Vestur-Ísafjarðar prófastsdæmi (lausum)	20 —
Stað í Aðalvík í Norður-Ísafjarðar prófastsdæmi (lausum)	18 —
Tröllatungu í Stranda prófastsdæmi (pr.: Halldór Jónsson)	30 —
Knappstöðum í Skagafjarðar prófastsdæmi (pr.: Páll Tómasson)	20 —
Hvammi í Skagafjarðar prófastsdæmi (pr.: Ísleifur Einarsson)	32 —
Ríp í Skagafjarðar prófastsdæmi (pr.: Ólafur Bjarnarson)	20 —
Hvanneyri í Eyjafjarðar prófastsdæmi (pr.: Tómas Björnsson)	20 —
Grimsey í Eyjafjarðar prófastsdæmi (pr.: Pjetur Guðmundsson)	22 —
Þönglabakka í Suður-Þingeyjar prófastsdæmi (pr.: Jón Reykjalin)	20 —
Mývatnsþingum í Suður-Þingeyjar prófastsdæmi (pr.: Jón Þorsteinsson)	20 —
Svalbarði í Norður-Þingeyjar prófastsdæmi (lausu)	20 —
Presthólum í Norður-Þingeyjar prófastsdæmi (lausum)	20 —

B. Einn fremur voru eptirfarandi brauð, sem öll eru prestslaus, bætt árlega upp eins og nú skal greina:

Staður í Ségundafríði með 300 kr.	
Staður í Aðalvík	300 —
Kvíabekkur	200 —
Presthólar	200 —
Svalbarð	200 —
Reynisþing	200 —
Bergstaðir	200 —

með því skilyrði að þau verði veitt fyrir 31. ágúst þ. á. og að sá, sem hlýtur eitthvað af þeim, taki þar samsumars við prestsþjónustu.

Þegar eitthvert af braudum þeim, sem tilgreind eru undir B, er veitt samkvæmt hinum tilteknu skilmálum, fellur *pro rata temporis* styrkur sá, sem lagður er hinu sama braudi undir A, burt; en komi skilyrðin ekki fram með tilliti til eins eða fleiri af braudum þessum, skal uppbót þeirri, sem veitt hefir verið undir B fyrir ár það, sem nú stendur yfir, skipt eptir 31. ágúst þ. á. meðal hinna fátækustu brauða.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um dómsvald hins skipaða lögreglustjóra í fjárkláðamálinu. — Með þóknanlegu brjefi frá í gær hafið þjer, herra amtmáður, sent mjer erindi *secretairs* Jóns Jónssonar, er settur hefir verið lögreglustjóri í fjárkláðamálinu, um að annaðhvort verði löggildingar þær, er voru gefnar út handa honum 9. septbr. og 13. oktbr. f. á. til að gegna með eigin ábyrgð störfum þeim viðvikjandi uppræting fjárkláðans, sem hlutaðeigandi sýslumenn annars ættu að hafa á hendi, *authentice* nákvæmar ákveðnar og skýrðar, þannig, að þær heimili sjer dómsvald í öllum opinberum málum viðvikjandi ráðstöfunum til upprætingar fjárkláðans, eða að sjer verði útveguð ný löggilding þessa innihalds. Hefir hann skilið hinar nefndu löggildingar þannig, að þær heimili sjer og skyldi sig til að framkvæma ekki að eins hin umboðslegu störf, er sýslumenn annars hefðu átt að hafa á hendi, en einnig hin nauðsynlegu lögregludómarastörf, ef ástæða virtist vera til að höfða opinbert lögreglumál gegn einstökum fjäreigöndum fyrir hirðuleysi um skipanir yfirvaldsins, en hinn konunglegi íslenzki landsyfirrjettur hefir í dómi, sem upp kveðinn var 17. þ. m., álitid, að löggildingar þessar næðu ekki yfir slíkt dómsvald.

Fyrir þessa sök skal jeg þjónustusamlega tjá yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum, að það er hvorttveggja að þjer, herra amtmáður, virðist hingað til að hafa skilið nefndar löggildingar á sama hátt og *secretair* Jón Jónsson, enda er enginn vafi á, að landshöfðinginn hefir ætlað, með löggildingum þeim, sem nefndar voru, að veita hinum setta embættismanni vald til að gegna dómarastörfum í málum þeim, á tímabili því og í þinghám þeim, er löggildingarnar ná yfir. Það er hægt að sjá, að eins og umboðs- og dómsvöldin í lögreglumálum jafnan samkvæmt lögum þeim, er nú gilda, hafa verið sameinuð hjá hinum sama eimbættismanni, þar sem lögreglustjórinn dæmir á lögregluþingum, og optast ekki hefir önnur ráð til að framkvæma hinar umboðslegu skipanir sínar, en að stefna hlutaðeiganda fyrir lögregluþing, þannig hefði það eptir því, sem á stendur í fjárkláðamálinu, verið mjög ísjárvert, að greina dómsvaldið frá lögreglustjórninni í málum þeim, er hjer ræðir um. Eins og herra amtmanninum mun kunnugt, hafa kærur þær, sem hingað til hafa komið fram yfir ráðstöfunum valdstjórnarinnar til upprætingar fjárkláðans, meðal annars gengið út á það, að eigi hafi verið með nægum strangleika vakað yfir, að hirðuleysi um fyrirskipanir yfirvaldsins í þessu tilliti yrði refsað, og hefir þetta átt sjer stað, þótt lögreglustjórar þeir, sem ekki hefir verið hlýtt, hafi sjálfir verið dómarar á þingum þeim, þar sem ætti að lögsækja hlutaðeigendur; en það er hægt að sjá, að það hefði einungis verið til þess að auka örðugleika þá, er lögreglustjórnin hjer hefir átt við að stríða, að aðgreina hið dæmandi lögregluvald frá framkvæmdar- og umboðsvaldinu. Það gat því, þegar það var álitid nauðsynlegt að setja sjerstakan embættismann til að standa um nokkurn tíma fyrir öllum framkvæmdum á vissu svæði til upprætingar fjárkláðans, ekki verið ætlun landshöfðingja að aðgreina hið dæmandi lögreglu-

6
17.
jan.

7
20.
jan.